

Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Erindisbréf: Samþykkt á fundi Öldungaráðsins 3. apríl 2019. Sveitarstjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps hafa einnig samþykkt það. Sjá fundargerðir.

1. Skipan.

Öldungaráð er skipað 7 fulltrúum.

Sveitarstjórn Dalabyggðar og sveitarstjórn Reykhólahrepps skipa hvor um sig 2 fulltrúa og 2 til vara. Félag eldri borgara í Dalasýslu og Reykhólahreppi skipar 2 fulltrúa og 2 til vara. Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi skipar 1 fulltrúa. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Skipunartími ráðsins er kjörtímabil sveitarstjórna. Þeir sem sinna málefnum eldri borgara eða félagsmálastjórar eru tengiliðir sveitarfélaganna við öldungaráð og starfa með ráðinu og eru því til aðstoðar.

2. Starfsfyrirkomulag.

Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og kosningu í öldungaráð boðar sveitarstjóri Dalabyggðar til 1. fundar ráðsins. Ráðið kys sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi. Formaður boðar fundi í samráði við tengiliði eða félagsmálastjóra sveitarfélaganna. Fundir skulu haldnir til skiptis í sveitarfélögunum. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram í sveitarstjórn Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Fundir skulu haldnir einu sinni á ári í hvoru sveitarfélagi, og oftár ef þurfa þykir.

3. Ráðgjafahlutverk og samráð.

Öldungaráðið er sveitarstjórnunum til ráðgjafar og skulu þær hafa samráð við ráðið um málefni eldri borgara.

Öldungaráð getur komið ábendingum til sveitarstjórnanna um allt það sem betur kann að fara er varðar málefni eldri borgara.

Sveitarstjórnirnar skulu kynna öldungaráðinu með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða s.s. hugmyndir um eða breytingu á gjaldskrárm vegna þjónustu við aldraða og hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til eldri borgara.

Sveitarstjórnirnar skulu leita eftir umsögn öldungaráðs varðandi allt það annað er varðar hagsmuni og aðstæður eldri borgara.

4. Starfsaðstaða.

Sveitarstjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps skulu leggja öldungaráði til starfsaðstöðu.